

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.07.-30.09.01	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-02.09.01	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	03.09.-09.09.01	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	10.09.-16.09.01	ótilgr.	22,5	170
0704.1000	Blómkál	01.07.-08.07.01	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	09.07.-15.07.01	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	16.07.-22.07.01	ótilgr.	22,5	132
0704.9001	Hvítkál	01.07.-22.07.01	ótilgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	23.07.-29.07.01	ótilgr.	15	40
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.01	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-15.07.01	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.07.-22.07.01	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	23.07.-29.07.01	ótilgr.	22,5	212
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-29.07.01	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	30.07.-05.08.01	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	06.08.-30.09.01	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.01	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-29.07.01	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	30.07.-05.08.01	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	06.08.-12.08.01	ótilgr.	15	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	13.08.-30.09.01	ótilgr.	22,5	207
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.01	ótilgr.	7,5	100
0709.6003	Græn paprika	01.07.-30.09.01	ótilgr.	15	199
0709.6004	Önnur paprika	01.07.-30.09.01	ótilgr.	15	199

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.